

Fimmtudaginn 13. febrúar 1997.

Nr. 144/1996.

**Gylfi Lárusson**

**Haraldur Lárusson og**

**Sökkull sf.**

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

**Péttri H. Baldurssyni**

(Ástráður Haraldsson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 16. apríl 1996 og krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fallast ber á með héraðsdómi, að stefnda hafi borið þriggja mánaða uppsagnarfrestur miðað við mánaðamót og að hann hafi ekki sýnt tómlæti um kröfugerð af því tilefni. Fjárhæð kröfunnar er ágreiningslaus. Frá henni dragast greiddar atvinnuleysisbætur, svo sem í héraðsdómi greinir. Einnig ber að draga frá þau laun, er stefndi fékk greidd á þessu tímabili, 158.645 krónur. Verður áfrýjendum gert að greiða stefnda eftirstöðvarnar, 221.362 krónur, með dráttarvöxtum frá 23. apríl 1995, þegar mánuður var liðinn, frá því að sent var kröfubréf af hálfu stefnda.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

### **D ó m s o r ð:**

Áfrýjendur, Gylfi Lárusson, Haraldur Lárusson og Sökkull sf., greiði í sameiningu stefnda, Pétri H. Baldurssyni, 221.362 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. apríl 1995 til greiðsludags og 150.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

**Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. janúar 1996.**

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 10. janúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 31. ágúst sl.

Stefnandi er Pétur H. Baldursson, kt. 180445-3829, Holtsbúð 99, Garðabæ.

Stefndu eru Gylfi Lárusson, kt. 231046-2409, Trönuhólum 8, og Haraldur Lárusson, kt. 231046-2599, Trönuhólum 10, persónulega og fyrir hönd Sökkuls sf., kt. 620175-0219, Dugguvogi 9-11, allir í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu verði dæmdir óskipt til að greiða honum launaskuld, að fjárhæð 523.199 kr., með dráttarvöxtum [...], allt að frádregnum atvinnuleysisbótum, að fjárhæð 143.192 kr. [...].

Til vara er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða 364.554 kr. með dráttarvöxtum frá 1. febrúar 1995 til greiðsludags að frádreginni sömu fjárhæð og í aðalkröfu. Þá er krafist málskostnaðar í báðum tilvikum.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar.

*Málavextir.*

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið, að hann hafi ráðið sig til starfa hjá stefndu, en þeir reki skráð sameignarfélag undir nafninu Sökkull sf. Hafi hann upphaflega ráðist til starfa 20. mars 1994 og starfað óslitið hjá Sökkli sf. allt til þess, að sér hafi verið sagt upp starfi 8. október 1994.

Stefnandi kveðst vera trésmiður að mennt og hafa starfað sem slíkur í þjónustu Sökkuls sf. við ýmis verkefni, en þó aðallega innréttingu á IKEA-versluninni við Holtagarða. Við uppsögn hafi sér verið tjáð af stefnda Haraldí, að ekki væru frekari störf fyrir sig hjá fyrirtækinu. Stefndi Haraldur hafi þó tjáð stefnanda, að haft yrði samband við hann, um leið og einhver verkefni fyndust fyrir hann. Ekkert hafi hins vegar orðið úr því, og hafi þriggja mánaða uppsagnarfrestur stefnanda liðið, án þess að hann væri boðaður til starfa hjá Sökkli sf.

Stefndu kveða málavexti þá, að í janúar 1994 hafi þeir verið ráðnir af Miklatorgi hf. til að innrétta nýja IKEA-verslun í húsnæði við Holtagarða. Upphaflega hafi verið gert ráð fyrir því, að verkþætti þeirra lyki í maí sama ár, en þar sem sífellt hafi aukist við verkefnið, hafi því ekki lokið fyrr en í ágúst. Til að anna auknum verkefnum í þágu Miklatorgs hf. kveðast stefndu meðal annars hafa ráðið stefnanda til starfa í mars.

Stefndu kveða við ráðningu stefnanda hafa sérstaklega verið gengið frá því munnlega milli aðila, að ráðning hans væri tíma- og verkefnisbundin, en honum þó frjálst að fara, byðist öruggari vinna hjá öðrum aðila. Sú hafi reyndin ekki orðið, og hafi stefnandi því unnið hjá stefndu allt þar til IKEA-verkefninu hafi lokið í ágúst 1994. Stefnanda hafi þá ekki boðist

vinna hjá neinum öðrum. Hafi því orðið að ráði að setja hann í verkefni, sem stefndu hafi fengið við tréverk í húsi í Kópavogi. Því verkefni hafi lokið fyrstu vikuna í október 1994 og launauppgjör farið fram fyrir þá vinnuviku 14. október 1994.

Stefndu kveða stefnanda ekki hafa haft uppi neinar kröfur um laun í uppsagnarfresti, þegar hann hafi látið af störfum, eða við uppgjör á síðustu vinnuvikunni föstudaginn 14. október 1994. Slík krafa hafi ekki komið fram fyrir en í bréfi frá lögmanni stefnanda 6. júlí 1995, um átta mánuðum eftir að hann hafi látið af störfum.

Samkvæmt bréfi lögmannsstofunnar og stefnunni í máli þessu kveða stefndu augljóst, að stefnandi hafi leynt lögmann sinn því, að hann hafi rekið verktakastarfsemi sem trésmiður, eftir að störfum hafi lokið hjá stefndu. Þannig sé upplýst, að stefnandi hafi tímabilið 14. nóvember til 9. desember 1994 unnið í samtals 160 tíma í þágu Miklatorgs hf.

#### *Málsástæður og lagarök.*

Stefnandi kveðst vera félagsmaður í Trésmiðafélagi Reykjavíkur, og samkvæmt kjarasamningi byggingarmanna, sbr. grein 11. 1. 5., eigi hann rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda hafi hann meira en fimm ára starfstíma í iðngrein sinni. Samkvæmt sama samningi miðist uppsögn við mánaðamót. Stefndu hafi borið því við, að stefnandi hafi verið ráðinn tímabundið. Slíkum fullyrðingum sé eindregið vísað á bug, og nægi í þeim efnum að vísa til greinar 11. 1. 3. í nefndum kjarasamningi, en samkvæmt því ákvæði sé óheimilt að ráða menn tímabundið til starfa í meira en einn mánuð í senn.

Hin vangreidda fjárhæð sé samtals 523.199 kr., sem sé stefnufjárhæð máls þessa, en frá henni ásamt dráttarvöxtum dragist greiddar atvinnuleysisbætur, að fjárhæð 143.192 kr. Um nánari sundurliðun stefnukröfunnar sé stuðst við launaseðla stefnanda og fram lagða útreikninga frá Trésmiðafélagi Reykjavíkur. Krafan sundurliðist þannig að öllum launaliðum meðtöldum:

1. Laun í uppsagnarfresti	9. 10. 1994 til 15. 10. 1994	kr.	31.518
2. Laun í uppsagnarfresti	16. 10. 1994 til 22. 10. 1994	–	31.518
3. Laun í uppsagnarfresti	23. 10. 1994 til 29. 10. 1994	–	31.518
4. Laun í uppsagnarfresti	30. 10. 1994 til 5. 11. 1994	–	31.518
5. Laun í uppsagnarfresti	6. 11. 1994 til 12. 11. 1994	–	31.518
6. Laun í uppsagnarfresti	13. 11. 1994 til 19. 11. 1994	–	31.518
7. Laun í uppsagnarfresti	20. 11. 1994 til 26. 11. 1994	–	31.518
8. Laun í uppsagnarfresti	27. 11. 1994 til 3. 12. 1994	–	31.518
9. Laun í uppsagnarfresti	4. 12. 1994 til 10. 12. 1994	–	31.518
10. Laun í uppsagnarfresti	11. 12. 1994 til 17. 12. 1994	–	31.518

11. Laun í uppsagnarfresti	18. 12. 1994 til	24. 12. 1994	–	31.518
12. Laun í uppsagnarfresti	25. 12. 1994 til	31. 12. 1994	–	31.518
13. Laun í uppsagnarfresti	1. 1. 1995 til	7. 1. 1995	–	31.518
14. Laun í uppsagnarfresti	8. 1. 1995 til	14. 1. 1995	–	31.518
15. Laun í uppsagnarfresti	15. 1. 1995 til	21. 1. 1995	–	31.518
16. Laun í uppsagnarfresti	22. 1. 1995 til	28. 1. 1995	–	31.518
17. Laun í uppsagnarfresti	28. 1. 1995 til	1. 2. 1995	–	18.911
			Samtals kr.	<u>523.199</u>

Greiddar atvinnuleysisbætur: kr. 143.192

Stefnandi vísar til meginreglna vinnuréttar um greiðslu verkkaups og meginreglna samningaréttar um skyldu til að efna samninga auk laga nr. 30/1987 um orlof.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að á milli þeirra og stefnanda hafi verið sérstakt samkomulag um lengd ráðningartíma og uppsögn. Þetta samkomulag hafi stefnandi að fullu virt við starfslok og tekið við síðustu vikulaunum án nokkurra athugasemda um frekari greiðslur vegna launa í þriggja mánaða uppsagnarfresti, eins og nú sé gerð krafa um. Sönnun fyrir tilvist þessa samkomulags sé og, að stefnandi hafi fljótlega, eftir að hann lét af störfum hjá stefndu, hafið sjálfstæða verktakastarfsemi, eins og ljóst sé af fram lögðum gögnum.

Stefndu halda því fram, að jafnvel þótt greindum málsástæðum væri ekki til að dreifa, bæri engu að síður að sýkna þá vegna tómlætis stefnanda. Stefnanda, sem bæði hafi starfað sem sjálfstæður verktaki og verkamaður við trésmíðar allt frá 1969, hljóti að hafa verið kunn öll ráðningarkjör trésmíða, er hann réðst til starfa hjá stefndu, og því borið að gera kröfu um greiðslu í uppsagnarfresti, um leið og honum var ljóst, að hann hafði verið tekinn út af launaskrá hjá stefndu í október 1994. Það hafi stefnandi ekki gert, og því verði hann að sæta því að glata ýtrasta kjarasamningsbundnum rétti sínum vegna tómlætis, eins og skýr fordæmi séu um.

Gangi dómur stefnanda í hag, halda stefndu því fram, að frá kröfu hans beri að draga allar greiðslur til hans í uppsagnarfresti, þ. m. t. það, er hann vann sér inn sem verktaki, en upplýst sé, að hann hafi unnið sem slíkur í nóvember og desember 1994.

#### *Niðurstaða.*

Við aðalmeðferð málsins gáfu aðilar skýrslu. Héldu stefndu því fram, að stefnandi hefði verið ráðinn hjá þeim tímabundið eða þar til verkefninu hjá IKEA væri lokið. Hann hafi þó gripið í önnur verk, þegar með þurfti. Þá

hafi það og verið áskilið, að fengi hann öruggari vinnu, gæti hann farið um leið. Stefnandi hélt því hins vegar fram, að ekki hefði verið um tímabundna ráðningu að ræða og hann unnið víðar hjá stefndu en við greint verkefni. Þá kvaðst hann fyrst vera að heyra það við yfirheyrsluna, að hann hefði mátt hætta strax hjá stefndu, byðist honum öruggari vinna.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o. fl. skulu kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein, og eru samningar um lakari kjör ógildir. Í kjarasamningi stéttarfélags stefnanda og Vinnuveitendasambandsins er ákvæði í 1. 3. gr. í XI. kafla, sem heimilar, að ráðið sé til ákveðins starfstíma og/eða verkefnis, þó ekki lengur en til eins mánaðar, án sérstaks uppsagnarfrests.

Stefnandi vann hjá stefndu frá því í mars 1994 og fram í október s. á. Hann átti því rétt á uppsagnarfresti samkvæmt tilvitnuðu ákvæði kjarasamningsins. Samkvæmt 1. 5. gr. í sama kafla samningsins bar honum þriggja mánaða uppsagnarfrestur, bundið við mánaðamót, enda væri samningur aðila um annað ógildur, þótt sannað væri, að þeir hefðu gert hann með sér. Krafa stefnanda um greiðslu launa í uppsagnarfrestinum verður því tekin til greina. Hún var fyrst sett fram með bréfi Trésmiðafélags Reykjavíkur 23. mars 1995, og er það engan veginn of seint.

Krafa stefnanda er launakrafa, og er fjárhæð hennar óumdeild, en aðila greinir á um, hvort laun, sem stefnandi vann sér inn í uppsagnarfrestinum, eigi að draga frá henni eða ekki. Eins og að framan var rakið, átti stefnandi rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti, og er sá réttur gagnkvæmur. Stefnu gátu því nýtt sér vinnu hans þennan tíma, en kusu það ekki. Af því leiðir, að stefnanda var frjálst að nýta sér uppsagnarfrestinn á þann hátt, sem hann helst kaus, þ. m. t. til að vinna hjá öðrum, án þess að það skerti kröfu hans á hendur stefndu. Krafa stefnanda verður af þeim sökum tekin til greina, þó þannig, að atvinnuleysisbæturnar verða dregnar frá henni, áður en til vaxtareiknings kemur, enda ljóst, að þær hafa verið greiddar út nokkrum sinnum, meðan á uppsagnarfresti stóð.

Ósannað er, að stefnandi hafi haft uppi kröfu um launagreiðslu í uppsagnarfrestinum fyrr en með bréfi stéttarfélags hans frá 23. mars 1994, sem stefndu hafa kannast við að hafa fengið, og skulu þeir því greiða dráttarvexti af kröfunni frá 23. apríl 1994 til greiðsludags.

Loks verða stefndu dæmdir til að greiða stefnanda 100.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

## D ó m s o r ð:

Stefndu, Gylfi og Haraldur Lárussynir persónulega og fyrir hönd Sökkuls sf., greiði óskipt stefnanda, Pétri H. Baldurssyni 380.007 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 23. apríl 1994 til greiðsludags og 100.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

---